

<b>Kennari</b>	Wolfgang Frosti Sahr	<b>Sk.st.</b>	WFS
----------------	----------------------	---------------	-----

**Áfangalýsing:** Byrjunaráfangi þar sem megináhersla er lögð á að nemandinn tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemandinn er markvisst þjálfður í lesskilningi á hagnýtum orðaforða til að geta lesið og skilið texta um kunnugleg efni. Við þessa þjálfun í lesskilningi eru fléttaðar æfingar í samskiptabáttunum tali, hlustun og ritun, allt með það að markmiði að nemandi verði sjálfbjarga við sérstakar aðstæður. Áhersla er lögð á réttan framburð, markvissa og reglulega uppbyggingu orðaforða og grunnatriði málnotkunar. Menning þýskumælandi landa er fléttuð inn í áfangann. Gagnkvæm virðing og umhyggja er höfð að leiðarljósi. Áfanginn krefst þess að nemandinn geri sér grein fyrir eigin ábyrgð á náminu og sýni sjálfstæð vinnubrögð og er nemendum kennt að nota upplýsingatækni og önnur hjálpargögn í áfanganum.

#### **Markmið:**

##### **Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- grundvallaratriðum málkerfisins
- almennum orðaforða sem hæfir hæfniviðmiðum áfangans
- tungumálinu og útbreiðslu þess
- mannlífi, menningu og siðum í þeim löndum þar sem tungumálið er talað

##### **Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- tjá sig skriflega og munnlega um það sem tengist honum náíð
- lesa texta um efni sem hann þekkir og tileinka sér ný orð í textanum
- skilja einföld fyrirmæli og helstu kveðjur og kurteisisávörp
- skilja einföld samtöl
- skilja þegar talað er um tölur og tímasetningar
- nota upplýsingatækni og önnur hjálpargögn í tungumálanámi
- bjarga sér við sérstakar aðstæður

##### **Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- gera sig skiljanlegan um einföld atriði
- vera sjálfbjarga við sérstakar aðstæður
- spyrja til vegar
- spyrja og svara einföldum spurningum
- segja frá daglegum athöfnum
- auka meðvitund um eigin leiðir til að tileinka sér tungumálið

# ÞÝSK1RL05 Námsáætlun haustannar 2021



Verkefnaskólinn á Akureyri

## Námsgögn:

Moodle aðgangsorð:	<b>thys1</b>
lesbók	Netzwerk A1. München: Langenscheidt 2019 ISBN 978-3-12-606128-5
vinnubók	Netzwerk A1. München: Langenscheidt 2019 ISBN 978-3-12-606130-8

## Námsmat og vægi námsmatspáttanna:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatspættir	Lýsing námsmatspáttar	Vægi	
<b>A áfangapróf 60%</b>			
heimapróf	úr köflum 1 og 2 (Moodle)		10%
lokapróf	skriflegt próf á próftíma (án hjálpargagna)		50%
<b>B vetrareinkunn 40%</b>			
símatsverkefni <sup>1</sup>	Moodle (heimavinna)		20%
talverkefni	pararverkefni: að kynna sig		10%
hlustunarverkefni	greina orðræðu af upptöku		10%
		<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>
<ol style="list-style-type: none"><li>1. Nemanda ber að ljúka öllum námsmatspáttum.</li><li>2. Í <b>áfangaprófunum A</b> (samanlögðu kaflaprófi og lokaprófi) þarf að ná a.m.k. einkunn 4.0 (40%) til þess að <b>vetrareinkunn B</b> gildi, ellegar verður áfangaprófs-einkunn lokaeinkunn.</li><li>3. Einkunnir fyrir hvern námsmatspátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.</li></ol>			

<sup>1</sup> símatsverkefni (Moodle heimavinna) þarf að leysa eftir hvern kennslutíma. Þau lokast á miðnætti sunnudags í viðkomandi viku.

**ÞÝSK1RL05**  
**Námsáætlun**  
**haustannar 2021**



Verkmenntaskólinn á Akureyri

**Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspátta:**

Tímabil (vikunúmer / lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna <sup>2</sup> / verkefni <sup>3</sup>	Vægi náms- mats- pátta
(33) 16.8.-20.8.	kafli 1	kennsla hefst miðv.	
(34) 23.8.-27.8.	kafli 1		
(35) 30.8.-3.9.	kafli 1		
(36) 6.9.-10.9.	kafli 1		
(37) 13.9.-17.9.	kafli 2	námsmatsd. fim. / starfspróun fös.	
(38) 20.9.-24.9.	kafli 2		
(39) 27.9.-1.10.	kafli 2	heimapróf	10%
(40) 4.10.-8.10.	kafli 3	námsmatsd. þri. / miðannarmat fim.	
(41) 11.10.-15.10.	kafli 3		
(42) 18.10.-22.10.	kafli 3	vetrarfrí mán. / þri.	
(43) 25.10.-29.10.	kafli 4		
(44) 1.11.-5.11.	kafli 4	þemavika	
(45) 8.11.-12.11.	kafli 4	talverkefni	10%
(46) 15.11.-19.11.	kafli 5	námsmatsd. mið.	
(47) 22.11.-26.11.	kafli 5		
(48) 29.11.-3.12.	kafli 5	hlustunarverkefni	10%
(49) 6.12.-10.12.	upprifjun	lokaverkefnisd. mán. / námsmatsd. þri.	

Vinsamlegast ath. að notkun snjalltækja í áfanganum er einungis heimil að fengnu sérstöku leyfi. Endurtekin brot á ákvæðum skólareglna og/eða mæting án viðhlítandi námsgagna varðar brottrekstur úr tíma.

- Birt með fyrirvara um breytingar -

**Dagsetning:** 16. ágúst 2021

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils